

Ásahreppur  
Ellisif Malmo Bjarnadóttir  
Laugalandi  
851 Hella

Reykjavík, 17. júlí 2024  
UST202407-213/A.B.  
10.04.02

**Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032 vegna efnistöku við Sigöldustöð.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Ásahrepps er barst 11. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032 vegna efnistöku við Sigöldustöð.

Í greinargerð kemur fram að með breytingunni felst að skilgreint verði nýtt efnistökusvæði við aðrennslisskurð Sigöldustöðvar. Auk þess segir að efni úr námunni verður einkum nýtt við framkvæmdir í tengslum við fyrirhugaða stækkun Sigöldustöðvar. Stærð efnistökusvæðis verður um 1 ha og heimilt verður að vinna allt að 49.000 m<sup>3</sup> af efni.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**